

Starfsáætlun Reykjahlíðarskóla



2025 - 2026

Efnisyfirlit

Innihald

Um skólann.....	6
Hagnýtar upplýsingar	6
Opnun skóla	6
Mötuneyti.....	6
Skólaakstur veturinn 2025-2026	7
Fatnaður og óskilamunir	7
Námsgögn.....	7
Bókasafn	7
Leyfi, veikindi og forföll nemenda.....	8
Óveður eða ófærð	8
Heimasíða.....	8
Skólinn í tölum.....	9
Nemendur - fjöldi í árgöngum, bekkjarskipan og umsjónarkennarar 2025 - 2026	10
Starfsfólk skólans.....	10
Móttaka nýrra starfsmanna	11
Starfsmannaviðtöl	11
Ráðningarsamningar.....	11
Trúnaðarmenn og öryggisverðir	12
Viðtalstími kennara og annars starfsfólks	12
Stjórnskipulag skólans	12
Fastir fundir og fundaráætlun.....	12
Þriðjudagar kl. 14:50 –15:50	12
Miðvikudagar kl.15:00-17:00.....	12

Starfspróun	13
Starfspróunarverkefni skólaársins 2025 - 2026	13
Skóladagatal	14
Skipulag skólaársins	14
Helstu viðburðir skólaársins	14
Nám og kennsla	16
Val á mið- og unglingastigi	16
Tilhögun kennslu, kennsluaðferðir og kennsluáætlanir allra árganga	17
Kennsluskipan	17
Frístund	17
Samstarf	17
Samstarf við leikskólann YI	17
Samstarf við tónlistarskólann	17
Samstarf við framhaldsskóla	18
Samstarf við Mývetning, Íþrótt- og ungmennafélag	18
Samstarf við Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps	18
Samstarf við sundlaugina á Laugum í Reykjadal	18
Samstarf heimilis og skóla	18
Lög og reglugerðir	18
Skólastefna sveitarfélagsins	18
Reykjavíðarskóli	19
Góð samskipti og upplýsingar um skólastarfið	19
Samstarf um nám nemenda	19
Verkferill ef ágreiningur kemur upp	20
Þátttaka foreldra/forráðamanna í innra mati á skólastarfinu	20

Foreldrafélag	21
Stjórn foreldrafélags 2025-2026.....	21
Bekkjarfulltrúar	21
Tölvupóstur.....	21
Fjáröflun	21
Umsjónarkennari.....	21
Heimanám.....	22
Móttökuáætlun	22
Ráð og nefndir.....	22
Skólaráð	22
Stjórn skólaráðs veturinn 2025-2026	23
Fræðslu- og velferðarnefnd.....	23
Nemendafélag Reykjahlíðarskóla veturinn 2025-2026.....	23
Nemendaráð 2024-2025.....	23
Nefndir	24
Nemendaverndarráð	24
Jafnréttissráð	24
Áfallateymi	25
Ráð gegn einelti	25
Jákvæður agi.....	25
Grænfáni og heilsueflandi skóli	25
Skólareglur.....	26
Skólareglur.....	26
Viðurlög	26
Viðverða sérfræðinga.....	28

Skimanir sem gerðar eru með reglubundnum hætti.....	28
Skólahjúkrunarfræðingur	28
Innra mat á skólastarfi.....	29
Umbótaáætlun.....	30
Lestrarstefna.....	30
Viðbrögð við vá	30
Rýmingaráætlun.....	30
Lokaorð.....	30

Um skólann

Reykjahlíðarskóli

660 Mývatn

Sími: 464-4375

Netfang: reykjahlidarskoli@reykjahlidarskoli.is

Heimasíða: <https://reykjahlidarskoli.is/>

Skólastjóri er Huld Aðalbjarnardóttir

Reykjahlíðarskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur sem búa í Mývatnssveit. Við skólann vinnur sérmenntað starfsfólk saman að því að mæta ólíkum einstaklingum með krefjandi verkefnum við hæfi hvers og eins. Unnið er í anda hugmyndafræðinnar um skóla án aðgreiningar og lögð áhersla á að koma til móts við námsparfir allra nemenda. Starfsemi Reykjahlíðarskóla fer fram á þremur stöðum, Reykjahlíðarskóla, sundlauginni á Laugum og ÍMS.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar eru birtar upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir fræðslunefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Hér birtist starfsáætlun Reykjahlíðarskóla fyrir skólaárið 2025 - 2026 nánari upplýsingar er hægt að nálgast í skólanámskrá á heimasíðu skólans.

Hagnýtar upplýsingar

Opnun skóla

Skólahúsið er opnað alla morgna kl. 8:00 og lokað þegar kennslu lýkur.

Skóli hefst kl. 8:30 alla virka daga og allir nemendur fara heim kl. 14:40 mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum fara allir heim um kl. 12:45 að loknum hádegisverði.

Mötuneyti

Nemendur skólans geta fengið morgun- og hádegisverð, alla virka daga og einnig ávexti daglega foreldrum að kostnaðarlausu. Starfsmönnum Þingeyjarsveitar stendur til boða að fá keyptan hádegismat. Verð til starfsmanna er áætlað að hausti og sér skrifstofa Þingeyjarsveitar um að innheimta greiðslur mánaðarlega.

Morgunmatur er kl. 9:10 - 9:25, ávaxtastund kl. 10:45, kl. 12:25 - 12:45 er hádegismatur.

Skólaakstur veturinn 2025 - 2026

Nemendur sem búa utan þéttbýlismarka Reykjahlíðar eiga rétt á skólaakstri. Allir nemendur mæta í skólann á sama tíma og fara heim á sama tíma.

Eftirfarandi reglur gilda í skólabílum:

- nemendur eiga að sitja í sætum sínum og skulu hafa bílbeltin spennt
- sөлgæti er óleyfilegt
- áríðandi er að foreldrar láti skólabílstjóra vita ef börn þeirra fara ekki í eða úr skóla með skólabíl

Ef foreldrar aksturs barna óska eftir því að börn þeirra taki með sér gesti heim úr skólanum verða þeir að fá samþykki bílstjóra fyrir fram.

Einn skólabíll sem leggur af stað frá Baldursheimi kl. 7:50. Nemendafjöldi er 11.

kl. 7:50 Baldursheimur

kl. 7:55 Gautlönd

kl. 8:05 Álftagerði/ Skútustaðir

kl. 8:10 Garður

kl. 8:20 Vogar

kl. 8:25 Reykjahlíðarskóli

Heimferðir eru kl.14:45 mánudaga til fimmtudaga og kl.12:50 á föstudögum.

Fatnaður og óskilamunir

Fatnaður og skór eiga að vera vel merktir svo og aðrar eigur nemenda. Ekki er leyfilegt að fara inn á útiskóm og því gott að hafa inniskó í skólanum. Nemendur þurfa að vera klæddir þannig að þeir séu tilbúnir til útiveru og útináms. Óskilamunir eru gefnir í Rauða krossinn, hafi þeirra ekki verið vitjað, að vori eftir skólaslit.

Námsgögn

Nemendur fá allar námsbækur að láni og eiga að skila þeim að notkun lokinni. Fara verður vel með bækurnar, því þær þarf að nota aftur. Verkefnabækur fá nemendur til eignar. Einnig fá nemendur stílabækur og ritföng til afnota í skólanum. Nemendur hafa hver um sig aðgang að spjaldtölvum og fartölvum í eigu skólans til afnota á skólatíma. Kennari getur veitt nemendum heimild til að taka þessi tæki með sér heim ef þess þarf vegna verkefnavinnu.

Bókasafn

Í skólanum er lítið bókasafn. Þar eru til ýmsar fræðibækur og uppflettirit sem að öllu jöfnu eru ekki lánuð út úr skólanum. Einnig er til nokkurt magn skáldsagna og tímarita sem nemendur geta fengið lánuð að vild. Samstarf er við Bókasafn Mývatnssveitar um lán á bókum.

Opnunartími bókasafns er á kennslutíma og sjá kennarar um að fara með nemendur á safnið.

Sólveig Jónsdóttir er umsjónarmaður bókasafns veturinn 2025 - 2026.

Leyfi, veikindi og forföll nemenda

- Veikindi nemenda eiga foreldrar/forráðamanna að tilkynna milli kl. 8:00 og 8:30 í síma skólans eða í gegnum Mentor.
- Leyfi í tvo daga sækja foreldrar/forráðafólk um til umsjónarkennara. Leyfi í þrjá daga eða lengur þarf að sækja um til skólastjóra.
- Öll röskun á námi nemenda sem hlýst af umbeðnu leyfi er á ábyrgð foreldra/forráðafólks.
- Ef barn er slasað eða getur ekki sótt íþróttatíma af einhverjum sökum þurfa foreldrar/forráðafólk að láta vita að morgni.

Óveður eða ófærð

Ef veður er svo slæmt að foreldrar/forráðafólk treysta börnum sínum ekki í skólann ber þeim að tilkynna það. Þegar skólahaldi er aflýst vegna veðurs er SMS sent til allra foreldra að morgni dags. Skólastjóri og skólabílstjóri taka ákvörðun um það í sameiningu. Foreldrum/forráðafólki er alltaf heimilt að hafa börn sín heima ef veður er slæmt en ber að tilkynna það til skóla. Ef veður versnar mikið eða veðurútlit er það slæmt að ástæða þykir að stytta skólann, hringir starfsfólk í foreldra/forráðafólk og skólabílstjóri keyrir nemendur utan þorpsins heim.

Heimasíða

Á heimasíðu Reykjahlíðarskóla er að finna gögn er varða starfsemi skólans. Á síðunni kemur fram hvenær viðkomandi þáttur var endurskoðaður og hvenær næsta endurskoðun er áætluð. Heimasíðan er handbók og fréttaveita skólasamfélagsins.

[Heimasíða Reykjahlíðarskóla.](#)

Skólinn í tölum

	2025-2026
Fjöldi nemenda	41
Fjöldi starfsmanna	14
Fjöldi almennra kennslustunda	154
Fjöldi sérkennslustunda	20
Fjöldi umsjónarkennara	4
Fjöldi barna í frístund	12
Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku	11
Stöðugildi í skólastjórn	1
Stöðugildi í kennslu	7,1
Fjöldi kennara	8
Hlutfall réttindakennara	92%
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	2,1
Fjöldi stuðningsfulltrúa	3
Stöðugildi Frístundar	0,4
Fjöldi starfsmanna í Frístund	2
Stöðugildi mötuneytis	1,63
Fjöldi starfsmanna í mötuneyti	2
Stöðugildi skólaliða	1,5
Fjöldi skólaliða	2
Kynjahlutföll starfsmanna kk/kvk	1/14
Fjöldi tölva fyrir nemendur	21
Fjöldi spjaldtölva fyrir nemendur	37
Fjöldi tölva í kennslu og stjórnun	13
Fjöldi spjaldtölva í kennslu og stjórnun	8
Fjöldi tölva fyrir starfsmenn	3
Fjöldi spjaldtölva fyrir starfsmenn	2
Hlutfall nemenda í mötuneyti	100%
Stærð skólahúsnæðis í fermetrum	1250

Nemendur - fjöldi í árgöngum, bekkjarskipan og umsjónarkennarar 2025 - 2026

Bekkur	Fjöldi drengja	Fjöldi stúlkna	Fjöldi alls	Samkenndsla	Umsjónarkennari
1.	1	0	1		
2.	2	1	3	1.-3. bekkur	Sigríður Sigmundsdóttir
3.	1	3	4		
4.	2	2	4	4.-5. bekkur	Arna Hjörleifsdóttir
5.	6	2	8		
6.	4	2	6	6.-7. bekkur	Halla Rún Tryggvadóttir
7.	2	5	7		
8.	2	0	2	8.-10. bekkur	Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir
9.	0	2	2		
10.	2	2	4		
Alls	22	19	41		

Tölurnar eru miðaðar við 22. ágúst 2025

Starfsfólk skólans

Huld Aðalbjarnardóttir

Arna Hjörleifsdóttir

Auður Filippusdóttir

Skólastjóri

Kennari

Aðst. matráður

huld@reykjahlidarskoli.is

arna@reykjahlidarskoli.is

eldhus@reykjahlidarskoli.is

Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir	Kennari	bylgja@reykjahlidarskoli.is
Brynja Ingólfssdóttir	Skólaliði/húsv.	brynja@reykjahlidarskoli.is
Halla Rún Tryggvadóttir	Kennari	halla@reykjahlidarskoli.is
Hannes Lárus Hjálmarsson	Stuðningsfulltrúi / skólaliði	hannes@reykjahlidarskoli.is
Ingunn Guðbjörnsdóttir	Stuðningsfulltrúi	ingunn@reykjahlidarskoli.is
Jóhanna Jóhannesdóttir	Kennari	johanna@reykjahlidarskoli.is
Bernadetta Kozazcek	Matráður	eldhus@reykjahlidarskoli.is
Ólöf Þuríður Gunnarsd.	Sérkennari	olof@reykjahlidarskoli.is
Ragnheiður J. L. Grétarsd.	Leiðbeinandi	ragga@reykjahlidarskoli.is
Sigríður G. Sigmundsdóttir	Kennari	sigridur@reykjahlidarskoli.is
Sólveig Jónsdóttir	Kennari	solveig@reykjahlidarskoli.is
Sylvía Ósk Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi	sylvia@reykjahlidarskoli.is

Móttaka nýrra starfsmanna

Við móttöku nýrra starfsmanna er mikilvægt að fræða þá um réttindi þeirra og skyldur. Eins þarf að kynna þeim vinnustaðinn og sérkenni hans þannig að þeir finni sig heima og velkomna. Greinargóðar upplýsingar um það sem er í vændum og hlýlegt viðmót er líklegt til að leggja grunn að starfsánægju og þar með góðu vinnuframlagi starfsmanna. Skólastjóri tekur á móti nýjum starfsmönnum og kynnir þeim skólann og er þeim innan handar um réttindi og skyldur. Nýir kennarar og leiðbeinendur njóta aðstoðar leiðsagnarkennara sem kynna þeim gögn varðandi starfið og leiðbeina á fyrsta starfsári. Frekari upplýsingar er að finna í mannauðsstefnu Þingeyjarsveitar.

Starfsmannaviðtöl

Starfsmannaviðtöl fara fram í febrúar/mars. Kennarar og starfsmenn fá rafræna starfsmannakönnun um líðan og framgang í starfi. Starfsmaður getur skilað könnun eða óskað eftir viðtali við skólastjóra. Í upphafi skólaárs fá kennarar eyðublað um skráningu á símenntun/starfsþróun og skila eyðublaði síðasta árs.

Ráðningarsamningar

Gerðir eru ráðningarsamningar við allt starfsfólk og skrifað undir í þríriti. Starfsmaður, skólastjóri og launafulltrúi fá eintak af ráðningarsamningi.

Trúnaðarmenn og Öryggisverðir

Trúnaðarmaður KÍ er kosinn til tveggja ára að hausti. Núverandi trúnaðarmaður er Sigríður G. Sigmundsdóttir og varatrúnaðarmaður er Ólöf Þ. Gunnarsdóttir.

Trúnaðarmaður starfsfólks í Framsýn er Ingunn Guðbjörnsdóttir.

Öryggistrúnaðarmaður er Ólöf Þ. Gunnarsdóttir og húsvörður sveitarfélagsins er öryggisvörður.


Viðtalstími kennara og annars starfsfólks

Viðtalstímar kennara og annars starfsfólks eru eftir samkomulagi. Hægt er að panta viðtalstíma í síma 464 - 4375 eða með tölvupósti sem sendur er viðkomandi kennara eða starfsmanni.

Stjórnskipulag skólans

Huld Aðalbjarnardóttir, skólastjóri

Sigríður G. Sigmundsdóttir, staðgengill skólastjóra



Fastir fundir og fundaráætlun

Þriðjudagar kl. 14:50 – 15:50

Vinnufundir kennara verða í vetur nýttir í fræðslu, námsvísi og annað er tengist faglegum þætti náms og kennslu.

Miðvikudagar kl. 15:00 – 17:00

Fyrsta miðvikudag í mánuði er starfsmannafundur alls starfsfólks leik- tónlistar og grunnskóla. Annan og fjórða miðvikudag í mánuði eru kennarafundir grunnskólakennara. Skólastjóri getur kallað til fundar aðra miðvikudaga ef þurfa þykir.

Starfspróun

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti. Þætti sem falla beint að stefnu skólans og lögbundinni skyldu hans. Hins vegar er um að ræða persónulega starfspróun hvers og eins sem þó ber að falla að stefnu skólans. Kennarar fylla út eigið endurmenntunarblað og skila til skólastjóra í upphafi skólaársins. Starfspróunaráætlun tekur mið af umbótaáætlun hverju sinni.

Starfspróunaráætlun skólans til þriggja ára er að finna á heimasíðu skólans.

Starfspróunaráætlanir kennara ættu að byggja á áherslum skólans.

Starfspróunarverkefni skólaársins 2025 - 2026

Hvað	Hverjir	Hvenær
Skyndihjálparnámskeið	Allir starfsmenn	Haust 2025
Eldvarnarnámskeið	Allir starfsmenn	September/okt
Jákvæður agi	Allir starfsmenn	2025-2026
Jákvæður agi – fundir og heimsóknir	Allir starfsmenn	2025-2026
Starfsánægja og líðan	Allir starfsmenn	Sept. 2025
Kennsluhættir: Samþættingu námsgreina og hæfnimiðaðs náms –verkefnastj. stýrir	Kennarar	Allt skólaárið
Upplýsingatækni og forrit sem styðja við þróunarverkefni skólans	Kennarar	Allt skólaárið
Velferð og öryggi barna í Reykjahliðarskóla – starfsfólk kynnrir sér innihald öryggishandbókar	Allir starfsmenn	Haustönn 2025
Starfendarannsóknir, kennslustundarýni: - Kennarar heimsækja hvern annan með matslista - Stjórnandi situr kennslustundir með gátlista - Samtöl í kjölfar heimsókna	Kennarar og skólastjóri	Jafningjamat einu sinni á önn. Innlit skólastjóra tvisvar yfir skólaárið.

Innra mat - kynning á innleiðingu starfshátta við innra mat - þátttaka allra	Allir starfsmenn	Nóvember
--	------------------	----------

Skóladagatal

Skóladagatal er að finna á vefsíðu skólans, [hér](#).

Skipulag skólaársins

Skólaárinu er skipt í tvær annir. Haustönn hefst 22. ágúst og lýkur með litlu jólnum að kvöldi 18. desember. Vorönn stendur frá 2. janúar til 29. maí sem er síðasti skóladagur nemenda. Skólaslit og útskrift verða kl. 14:00 þann 29. maí 2026.

Helstu viðburðir skólaársins

- **Skólaasetning** er kl. 16:00, 22. ágúst þar sem foreldrar koma með börnum sínum og skólastjóri setur skólann.
- **Sund í 1. - 4. bekk er vikurnar 2. - 12. september**, átta skipti.
- **Göngum í skólann** hefst 4. september.
- **Dagur náttúrunnar** 16. september.
- **Útivistardagur** 25. september.
- **Ólympíuhlaup ÍSÍ** er ár hvert að hausti, fyrir 10. október.
- **Hringekjan** er 16. september en það er samstarf milli skólanna þriggja í Þingeyjarsveit þar sem aldurstigin (yngsta-, mið- og unglingastig) hittast í sitthvorum skólanum. Í ár hittist yngsta stig í Þingeyjarskóla, miðstig í Reykjahliðarskóla og unglingastig í Stórutjarnaskóla.
- **Foreldraviðtöl** eru í vikunni 22. - 26. september og 28. janúar. Í september boða umsjónarkennarar foreldra með börn sín í viðtöl eftir að skóla er lokið á daginn. Í janúar er einn dagur í viðtöl og enginn skóli þann dag.
- **Rýmingaræfing** er í október og munu slökkviliðsstjórar aðstoða okkur, sameiginlegt með leikskóla.
- **Vetrarfrí** er fjórir dagar á skólaárinu. 6. og 7. nóvember og 19. og 20. febrúar.
- **Árshátíð** skólans er 27. nóvember. Allir nemendur skólans stíga á svið. Í hléi sjá foreldrar 7. - 10. bekkjar um kaffiveitingar. Árshátíðin er auglýst opinberlega og allir velkomnir.
- **Áhugasviðsdagar** eru þrír, 13. - 17. október.
- **Dagur gegn einelti** er alþjóðlegur dagur mánudaginn 8. nóvember.
- **Dagur íslenskrar tungu** er 16. nóvember. Þá er uppbrot á kennslu þar sem unnið er með íslenska tungu á ýmsa vegu.
- **Kveikt á jólatré.** Kveikt er á jólatré við skólann mánudaginn 1. desember kl. 10:00. Sungin eru jólalög og gengið í kringum jólatréð. Á eftir er boðið upp á kakó og piparkökur. Allir eru velkomnir.

- **Jólabema** er 16. - 18. desember. Þá er farið í jólatarzan, föndrað, spilað, búið til laufabrauð, ís og konfekt sem síðan er snætt á litlu jólnum.
- **Litlu jól** eru að kvöldi 18. desember frá kl. 17:30 - 20:30. Fyrst er stofustund í námshópum með umsjónarkennurum. Þá er hátíðarkvöldverður og eftir það gengið í kringum jólatré. Yngstu nemendur sjá um skemmtiatriði.
- **Skóli hefst** að loknu jólafríi föstudaginn 2. janúar með starfsdegi en nemendur mæta mánudaginn 5. janúar kl. 8:30.
- **Þorablót** er fimmtudaginn 5. febrúar í umsjón foreldrafélagsins. Það er fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Elstu nemendur sjá um skemmtiatriði.
- **Danskennsla** er í vikunni 19. - 23. janúar og er hluti af skóladegi. Nemendur fá tvo tíma á dag í fjóra daga og fimmta daginn er einn tími og þar er foreldrum boðið að koma og fylgjast með.
- **Öskudagur** er 18. febrúar og þann dag lýkur skóla kl. 12.00.
- **Stærðfræðidagurinn** er föstudagurinn 14. mars.
- **Skíðaferð** er farin í Hlíðarfjall ár hvert. Gert er ráð fyrir að fara í feb/mars. Ferðin er fyrir alla nemendur og starfsfólk skólans og foreldrum boðið með ef laus sæti eru í rútu.
- **Þemadagar** verða 10.- 12. mars. Þá er t.d. gert ráð fyrir að eldri nemendur fari í vinnustaðaheimsóknir, veitt verði í gegnum ís og fleira skemmtilegt verði á döfinni.
- **Vorþema og skólaferðalag** eru 26. - 28. maí. Þá er 1. - 8. bekkur í þemaverkefnum með kennurum sínum. Nemendur 9. og 10. bekkjar fara í skólaferðalag sem þeir hafa safnað fyrir allan veturinn með alls konar fjáröflunum.
- **Þingeyjarleikar** eru miðvikudaginn 20. maí og verða að þessu sinni haldnir á Stórutjörnum. Þá hittast allir nemendur skólanna þriggja, nema þeir sem verða í skólaferðalagi á þeim tíma og taka þátt í allskonar þrautum.
- **Skólaslit og útskrift 10. bekkjar** eru kl. 14:00 þann 29. maí. Þá eru formleg skólaslit þar sem allir nemendur fá vitnisburð sinn fyrir skólaárið og nemendur 10. bekkjar verða útskrifaðir. Nemendur mæta með foreldrum sínum á skólaslit.
- **Tvöfaldir dagar/skertir dagar:** Foreldraviðtöl í október, árshátíð, litlu jól, þorablót, skíðaferð, þemadagur og skólaslit. Samtals 7 dagar.
- **Skipulagsdagar kennara** eru 8 utan starfstíma skóla, 15. og 18. - 21. ágúst og 1. - 3. júní. Á starfstíma skóla eru þeir fimm talsins, 15. september, 2. janúar, 2. febrúar, 9. mars og 4. maí.

Nám og kennsla

Nám í grunnskóla er skyldunám barna á aldrinum 6 - 16 ára. Í stundatöflu Reykjahlíðarskóla eru kennslustundir 40 mínútur, fyrsta kennslustund hefst klukkan 8.30. Skólinn vinnur eftir aðalnámskrá grunnskóla. Hver bekkur er með umsjónarkennara en hann er lykilmanneskja í öllu skólastarfinu. Hann er sá aðili innan skólans sem þekkir sína nemendur einna best og getur veitt þeim mestan stuðning í náminu.

Í samþættum viðfangsefnum er nám nemenda skipulagt út frá fleiri en einni námsgrein og í kennsluáætlunum er tiltekið hvernig samþættingin birtist.

Vikulegur stundafjöldi nemenda eftir bekkjum er sem hér segir:

- 1. - 4. bekkur 30 kennslustundir, að auki stendur nemendum 1. - 4. bekkjar til boða að vera í frístund í allt að 5 kennslustundir á viku.
- 5. - 7. bekkur 35 kennslustundir.
- 8. - 10. bekkur 37 kennslustundir, þar af 2 kennslustundir í utanskólavali.
- Miðað er við 40 mínútna kennslustundir.

Val á mið- og unglingastigi

Öllum nemendum 6. - 10. bekkjar er boðið upp á val. Bæði almennt val og listgreinaval. Nemendur velja milli jarðfræði, heimilisfræði og tæknimenntar annars vegar og milli smíða, textílmenntar og „crossfit“ hins vegar. Þá er einnig boðið upp á námskeið í kvikmyndagerð utan skóla.

Nemendum 8. - 10. bekkjar stendur til boða að velja tvær kennslustundir í utanskólaval. Samkvæmt 26. gr. grunnskólalaga stendur m.a. „Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs“. Ef nemendur eru í vali utan skóla er það á ábyrgð foreldra að fylgjast með mætingu og ástundun, eyðublöð eru á heimasíðu skólans. Dæmi um metnar valgreinar eru tónlistarnám, íþróttir, fjarnám og björgunarsveitarstarf en ýmislegt fleira kemur til greina. Einnig verður hægt að meta utanskólatómstundir til auka valgreina á námsmati eftir atvikum.

Tilhögun kennslu, kennsluaðferðir og kennsluáætlanir allra árganga

Kennsluskipan

Stundaskrár eru að finna á Mentor. Allir nemendur skólans koma á sama tíma að morgni og fara á sama tíma heim í lok skóladags. Yngri nemendur eru fjórum sinnum í viku í frístund innan skólatíma og fara heim á sama tíma og eldri nemendur. Mánudaga til fimmtudaga eru 7,5 kennslustundir á dag en á föstudögum eru þær 5. Á skólaárinu er unnið að samþættingu námsgreina og hæfnimiðuðu námi og leitast við að starfsfólk fái stuðning við að innleiða fjölbreytta kennsluhætti eins og þeim þykir þurfa. Markmið umbóta er að nám verði að stórum hluta í samþættum viðfangsefnum, þvert á námsgreinar þar sem lykilkættir og grunnþættir menntunar birtast markvisst í námi nemenda. Leitast verður við að nemendur komi með skipulögðum hætti að markmiðssetningu eigin náms.

Frístund

Frístundastarf er starfrækt fjóra daga í viku, mánudaga-fimmtudaga, eftir skóla fyrir nemendur í 1. - 4. bekk. Í frístund er fjölbreytt starf þar sem leikurinn er hafður í fyrirrúmi í öllu starfi. Dæmi um verkefni frístundar eru útivera, spil, perlur, lita/teikna, lego og fleira sem starfsfólk skipuleggur. Einnig íþróttæfingar í umsjá Mývetnings, íþrótt- og ungmennafélags, í boði tvisvar í viku. Skráning í frístund fer fram að hausti.

Starfsmenn frístundar eru Ingunn Guðbjörnsdóttir og Sýlvía Ósk Sigurðardóttir.

Samstarf

Samstarf við leikskólann Yl

Leikskólinn Ylur er starfræktur í sama húsi og skólinn með sameiginlegt mótuneyti. Lagt er upp úr því að Leikskólinn Ylur og Reykjahliðarskóli séu ein stofnun og starfsfólk samnýtt eins og best verður á kosið. Skólahópur kemur einu sinni í viku til umsjónarkennara yngstu deildar, einnig fer skólahópur í sund í tvær kennslustundir á hverju sundnámskeiði (tvisvar á vetri). Heimsóknir þessar eru til að undirbúa þau fyrir væntanlega skólagöngu.

Nemendur á eldri deild leikskólans koma í listgreinakennslu einu sinni í viku yfir í grunnskólann. Þá fá allir nemendur leikskólans íþróttakennslu í ÍMS einu sinni í viku. Þegar uppákomur eru í sal skólans er nemendum leikskólans boðið ef það hentar fyrir þau t.d. leiksýningar. Eldri nemendur leikskólans koma í danskennslu í grunnskólanum.

Samstarf við tónlistarskólann

Deildastjóri tónlistarskólans er Tarvo Nömm sem kennir á blásturshljóðfæri, gítar, bassa og harmonikku auk þess að bjóða upp á hljómsveitir og samspil.

Þá er einnig möguleiki á rafrænni tónlistarkennslu og söngnám verður í boði í staðnámi. Með rafrænu námi er reynt að koma til móts við nemendur varðandi hljóðfæranám sem ekki er í boði í staðnámi.

Nemendur eiga kost á að sækja tónlistartíma á skólatíma í samráði við kennara. Um er að ræða einkatíma eða hópæfingar.

Samstarf við framhaldsskóla

Framhaldsskólarnir í kringum okkur bjóða nemendum til sín í skólakynningar. Skólarnir eru Framhaldsskólinn á Laugum, Framhaldsskólinn á Húsavík, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Akureyri og mögulega fleiri.

Samstarf við Mývetning, íþrótt- og ungmennafélag

Mývetningur hefur um margra ára skeið séð um íþróttæfingar af ýmsum toga fyrir börn og unglinga. Samvinna er milli skólans og íþróttafélagsins t.d. íþróttæfingar fyrir yngstu bekkina tvisvar í viku þegar frístundin er.

Samstarf við Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps

Reykjahlíðarskóli er í samstarfi við Íþróttamiðstöðina. Skólinn fær afnot af íþróttasal og búningasklefum.

Samstarf við sundlaugina á Laugum í Reykjadal

Sundkennsla fer fram í sundlauginni á Laugum í Reykjadal. Farnir eru átta dagar að hausti og átta að vori. Hvern dag fá nemendur 1,5 kennslustundir í sundi samtals 24 kennslustundir á ári.

Samstarf heimilis og skóla

Lög og reglugerðir

Í Aðalnámskrá grunnskóla stendur að lýðræðis og mannréttindamenntun byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir vegg skóla en samstarfi í skólanum. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og ungmenna og við æskulýðs- og íþróttastarf. Gera þarf ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni.

Skólastefna sveitarfélagsins

[Hér](#) má finna nýja skólastefnu Þingeyjarsveitar.

Áhersla er lögð á öflugt samstarf skóla og heimila og foreldrar verði virkjaðir í námi barna sinna og efla skilning á því að nám barna er samstarfsverkefni heimilis og skóla.

Reykjahlíðarskóli

Þegar gildi skólans, virðing, vellíðan og árangur, voru valin þá var það hugsunin að þau tvinnuðu hvert annað saman. Ef virðing er til staðar þá eykur það vellíðan sem verður til þess að árangurinn verður betri. Allt þetta á ekki bara við um starfsfólk skólans og nemendur hans, heldur nær þetta lengra, virðing við foreldra er mjög mikilvæg því þeir eru sérfræðingar í öllu sem viðkemur barninu þeirra. Það er líka mikilvægt að foreldrar beri virðingu fyrir starfsfólki skólans því öll erum við að stefna í sömu átt sem er að barninu/nemandanum líði vel í skólanum og náí árangri.

Mikilvægt er að samvinna heimilis og skóla sé góð, foreldrar/forráðamenn taki virkan þátt í skólastarfi barna sinna og fylgist vel með því sem þar fer fram. Jafnframt er mikilvægt að skólasamfélagið byggji upp og viðhaldi metnaðarfullu og góðu skólastarfi þar sem foreldrar/forráðamenn geta komið sínum skoðunum og hugmyndum um skólastarfið á framfæri. Formlegar leiðir geta verið skólaráð, foreldrafélagið, sæti í stýrihópum í skólanum og þátttaka foreldra/forráðamanna í mati á skólastarfinu.

Góð samskipti og upplýsingar um skólastarfið

Skólinn leggur áherslu á að upplýsingar um heildarskipulag skólastarfsins séu aðgengilegar á heimasíðu skólans. Foreldrar koma að minnsta kosti þrisvar sinnum á skólaári til að hitta kennarana (samstarfsfundir).

Námskynning og upplýsingafundur um vetrarstarfið fyrir alla foreldra/forráðamenn er haldinn að hausti. Þar er rætt um skólastarfið og hlutverk þess og leitast við að finna sem flest tækifæri sem kunna að efla þátttöku foreldra í skólastarfinu.

- Samskipti fara fram með ýmsum hætti s.s. foreldrafundir, foreldraviðtöl, bekkjarfundir, símtöl, mentor, tölvusamskipti, heimasíða og vikuáætlanir. Umsjónarkennari eða foreldrar/forráðamenn geta óskað eftir fundum um málefni nemanda eða nemendahópa eftir þörfum.
- Skólinn er ætíð opin foreldrum/forráðamönnum til að fylgjast með kennslu enda tilkynni þeir komu sýna með góðum fyrirvara. Þeim ber að gæta trúnaðar um það sem þeir kunna að heyra eða sjá um nemendur eða skólasamfélagið.
- Samstarf umsjónarkennara og foreldra/forráðamanna um nemendahópinn einkennist af jafnræði, gagnkvæmri virðingu og trausti.
- Heimasíða skólans er opinber fréttaveita Reykjahlíðarskóla.

Samstarf um nám nemenda

Litið er á foreldra/forráðamenn sem samstarfsmenn um nám nemenda og þeim veitt tækifæri til að leggja sitt af mörkum í einstaklingsmiðuðu námi barna sinna. Auk námskynningafunda á hausti er gert ráð fyrir að foreldrar/forráðamenn komi a.m.k. tvisvar á hverju skólaári í formleg viðtöl með sínu barni (samstarfsfundir). Mikilvægar ákvarðanir sem varða líðan og nám hvers nemanda eru teknar í samstarfi við foreldra/forráðamenn og nemanda þegar það á við.

- Foreldrar/forráðamenn styðja börn sín við að setja sér markmið.
- Umsjónarkennarar veita foreldrum/forráðamönnum reglulega upplýsingar um námsstöðu og framfarir.
- Skólinn þarf að fá upplýsingar um breytingar sem verða hjá fjölskyldunni s.s. fjarvera foreldra/forráðamanna frá heimilinu til lengri eða skemmri tíma, skilnað foreldra, andlát í fjölskyldu og önnur áföll sem kunna að hafa áhrif á barnið svo og veikindi og lyfjanotkun. Skólinn skal gefa upplýsingar um gengi barnsins; námslega, tilfinningalega og félagslega.
- Foreldraviðtöl eru tvisvar á skólaárinu (samstarfsfundir). Það fyrra er í lok september og hið síðara í janúar. Viðtölin eru að jafnaði 15 - 20 mínútur að lengd. Þau fjalla m.a. um:
 - námsmarkmið og mat nemenda á eigin vinnu, námi og framförum
 - uppbyggjandi leiðsögn til nemandans frá kennara og foreldrum, næstu skref og námstækifæri við hæfi
 - niðurstöður námsmats og annars mats á árangri til að auka framfarir og rætt hvernig námsmatið tengist markmiðum og hæfniviðmiðum
 - samskipti og líðan.

Verkferill ef ágreiningur kemur upp

Skólasamfélagið hvetur til þess að ágreiningur sé jafnan leystur í þeim tilfellum sem hann kemur upp og leitast er við að hann sé leystur á uppbyggilegan hátt.

Ávallt skal gæta þess að réttur barna og þeirra hagsmunir séu í forgrunni þegar upp koma ágreiningsmál í skólasamfélaginu og leiðarljósið er að vinna saman að farsælu námi barnanna. Ef upp kemur ágreiningur sem varðar nám eða hegðun barns er það skólastjórans að sjá til þess að haft sé samband við foreldra/forráðamenn og unnið sé að úrlausn í samvinnu við kennara, nemanda og foreldra/forráðamenn. Þegar ágreiningsmál eru komin á þetta stig bera skólastjóri og kennari ábyrgð á skráningu um meðferð málsins. Mikilvægt er að allir aðilar málsins fái tækifæri til að útskýra sína hlið og ákvarðanir teknar út frá sameiginlegri umræðu og allir séu upplýstir um hvernig ákvörðun er tekin. Ef ekki næst samkomulag á þessu stigi leitar skólastjóri aðstoðar og ráðgjafar hjá skólajónustu sveitarfélagsins.

Þátttaka foreldra/forráðamanna í innra mati á skólastarfinu

- Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn séu virkir við mat á skólastarfi t.d. með rafrænum könnunum eða rýnihópum.
- Foreldrar/forráðamenn geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats í gegnum fulltrúa sína í skólaráði.
- Kynning á niðurstöðum kannana verður send til foreldra/forráðamanna í tölvupósti.

Foreldrafélag

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Lög félagsins má finna [hér](#).

Stjórn foreldrafélags 2025 - 2026

Karen Ósk Kristjánsdóttir formaður

Ingibjörg Eyfjörð Hólm gjaldkeri

Arnar Halldórsson viðburðarstjóri

Brynja Ingólfssdóttir varamaður

Ragnheiður Jóna Leví Grétarsdóttir varamaður

Bekkjarfulltrúar

1. bekkur – Ólöf Þuríður og Kristján
2. bekkur – Bylgja og Jón
3. bekkur – Helgi og Júlía
4. bekkur – Garðar og Valerija
5. bekkur – Amanda og Damian
6. bekkur – Anton og Marge
7. bekkur – Arnþrúður og Halldór
8. bekkur – Arnar og Soffía
9. bekkur – Hjördís og Hallgrímur
10. bekkur – Berna og Marcin

Tölvupóstur

Allir starfsmenn hafa netfang sem hægt er að finna inni á mentor og eru foreldrar hvattir til að nýta sér þennan samskiptamáta.

Fjáröflun

Fjáröflun nemenda er unnin af nemendum og foreldrum í 7. - 10. bekk til að fjármagna skólaferðalag sem nemendur 9. og 10. bekkja fara í á hverju vori.

Umsjónarkennari

Innan skólans á umsjónarkennari öðrum fremur að fylgjast með námi og þroska allra nemenda sem hann hefur umsjón með. Hann leiðbeinir nemendum í námi og fylgist

með andlegri og líkamlegri velferð þeirra, skólasókn, hegðun og ástundun og hefur samband við heimili ef ástæða þykir til. Foreldrar/forráðamenn hafa samband við umsjónarkennara þegar ræða þarf eitthvað sem varðar nemendur og ef breytingar verða á högum barns.

Heimanám

Í 5. - 10. bekk er ekki fast heimanám heldur þurfa nemendur að fylgja þeim áætlunum sem settar eru fram af kennurum. Í flestum tilfellum eiga nemendur að geta lokið allri vinnu í skólanum en ef ekki þurfa þeir að vinna heima til að ná áætluninni.

Ef til heimanáms kemur sendir umsjónarkennari foreldrum tölvupóst um það.

Á yngsta stigi er heimalestur og tilkynnir kennari foreldrum hverju sinni ef um annað heimanám er að ræða.

Móttökuáætlun

Móttökuáætlun nýrra nemenda má finna [hér](#).

Ráð og nefndir

Skólaráð

Við Reykjahlíðarskóla starfar skólaráð. Skólaráð er mikilvægur vettvangur í því að koma sjónarmiðum sem flestra á framfæri og tryggja samráð við þá sem koma að málefnum skólans áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar. Í því er skólastjóri og stýrir hann fundum, auk hans eru tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags. Þátttaka nemenda í skólaráði byggir á því að börn eiga rétt á því að koma skoðunum sínum á framfæri í málum sem þau varða en það er í samræmi við 12. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Kosið er í skólaráð í 8. - 10. bekk. Kosið er til tveggja ára í senn þannig að einn nýr fulltrúi kemur á hverju haust.

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins. Skólaráð fær skólanámskrána og ýmsar áætlanir um starf skólans til umsagnar en fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Starfsreglur, starfsáætlun og fundargerðir skólaráðs eru aðgengilegar á heimasíðu skólans, [hér](#).

Skólastjóri boðar fundi og sendir undirbúningsgögn eftir því sem þurfa þykir.

Starfshættir og tengsl skólans við skólaráð munu verða metnir á skólaárinu skv. matsáætlun.

Stjórn skólaráðs veturinn 2025-2026

Fulltrúar foreldra: Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir og Sandra Haraldsdóttir
Fulltrúar kennara: Aðstoðarleikskólastjóri, Sigríður Sigmundsdóttir
Fulltrúi annarra starfsmanna: Sylvía Ósk Sigurðardóttir
Fulltrúar nemenda: Maríon Edda Stefánsdóttir og Rut Guðmundsdóttir
Skólastjóri: Huld Aðalbjarnardóttir.

Fræðslu- og velferðarnefnd

Í Þingeyjarsveit starfar fræðslu- og velferðarnefnd fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla.

Í 6. gr. í lögum um grunnskóla, segir að:

Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Meginhlutverk skólanefndar er sem hér segir:

- að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem eiga rétt á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu
- að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla
- að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi
- að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu
- að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda
- að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur
- að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Skólanefnd er kosin af sveitarstjórn. Fulltrúi foreldra, kennara og skólastjóra eiga rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Nemendafélag Reykjahlíðarskóla veturinn 2025-2026

Nemendaráð er kosið að hverju hausti og samanstendur af sex nemendum í 6. - 10. bekk. Hver bekkur hefur einn fulltrúa og einn varafulltrúa nema það eru tveir fulltrúar úr 10. bekk og er annar þeirra formaður nemendafélagsins.

Starfsreglur Nemendafélags Reykjahlíðarskóla má finna [hér](#).

Nemendaráð 2025 – 2026

10. bekkur Heimir Knaran Sigurbjörnsson
9. bekkur Sigrún Arnarsdóttir

- 8. bekkur Hólmgeir Logi Jónsson
- 7. bekkur Jón Dagur Héðinsson
- 6. bekkur Linda Ósk Antonsdóttir

Nefndir

Í skólanum starfa nefndir sem stýra viðfangsefnum sem snúa að stefnumiðuðum verkefnum sem skólinn tekur þátt í. Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um stefnumiðuð verkefni og þar eru að finna fundargerðir og ársskýrslur fyrir hvert og eitt þeirra.

Það er hluti af umbótum skólaársins að vinna að skýrum áætlunum um verkefni og þróunarstörf sem tilheyra stefnu skólans sem og að gæta þess að skólasamfélagið sé upplýst um framgang og þessa verkefna.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð sér um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðipjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu. Frekari upplýsingar um nemendaverndarráð er að finna í skólanámskrá skólans, [hér](#).

Nemendaverndarráð

Huld Aðalbjarnardóttir, skólastjóri
Jóna Ósk Antonsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur
Starfsmaður skólapjónustu Þingeyjarsveitar
Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir, sérkennari
Auk umsjónarkennara viðeigandi nemenda.

Fundir verða þá u.þ.b. einu sinni í mánuði og erindi hafa borist til ráðsins. Þegar erindi berast er þess gætt að foreldrar hafi vitneskju um ef til stendur að ræða um barn þeirra á fundum. Það geta allir vísað erindum til nemendaverndarráðs.

Jafnréttissráð

Huld Aðalbjarnardóttir
Jóna Ósk Antonsdóttir
Arna Hjörleifsdóttir
Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir
Hannes Lárus Hjálmarsson

[Jafnréttisáætlun skólans](#)

Jafnréttissráð mun endurskoða jafnréttisáætlun Reykjahliðarskóla í vetur 2025 - 2026.

Áfallateymi

Dagbjört Bjarnadóttir
Sólveig Jónsdóttir
Huld Aðalbjarnardóttir
Sóknarprestur

[Áfallaáætlun skólans](#)

Áfallateymið mun endurskoða áfallaáætlun skólans næst 2025 - 2026.

Ráð gegn einelti

Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir
Ingunn Guðbjörnsdóttir
Arna Hjörleifsdóttir
Huld Aðalbjarnardóttir

[Áætlun](#) skólans gegn einelti

Á heimasíðu skólans er [eyðublað](#) til að tilkynna grun um einelti.

Jákvæður agi

Arna Hjörleifsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri
Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir

Grænfáni og heilsueflandi skóli

Jóhanna Jóhannesdóttir
Ragnheiður Jóna Leví Grétarsdóttir
Auður Filippusdóttir
Sandra Haraldsdóttir

Skólareglur

Skólareglur Reykjahlíðarskóla eru settar í samræmi við lög og reglugerð um aga í grunnskólum. Skólareglur eru endurskoðaðar reglulega.

Umsjónarkennarar skulu kynna nemendum sínum og forráðamönnum skólareglurnar og viðurlög við þeim.

Í lögunum segir: „Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin. Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt, ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og forráðamenn hans.“

Í reglugerð um skólareglur í grunnskólum segir m.a.: „Hver grunnskóli skal setja sér skólareglur sem skylt er að fara eftir. Skólastjóri, kennarar og aðrir starfsmenn, nemendur og forráðamenn þeirra skulu í sameiningu kosta kapps um að starfsandi og skólabragur í skólanum sé sem bestur og eiga skólareglur að stuðla að því. Forsendur góðs starfsanda eru vellíðan, gagnkvæmt traust, virðing og samábyrgð allra í skólasamfélaginu.“

Skólareglur

Til að öllum geti liðið vel í skólanum þurfum við að fylgja skólareglum Reykjahlíðarskóla.

Reglurnar má finna [hér](#) en þær fjalla um almenna umgengi, námið, samskipti, hollustu og heilbrigði, ábyrgð og réttindi og skyldur.

Viðurlög

1. Kennari leitar orsaka vandans með viðtali við nemandann, hvetur hann til að bæta sig og gefur honum tækifæri til að tjá skoðanir sínar í málum sem hann varða og skal tekið réttmætt tillit til þeirra.
2. Kennari hefur samskipti við forráðamenn og hvetur þá til að aðstoða nemandann.
3. Kennari leitar aðstoðar skólastjórnenda og sérfróðra ráðgjafa skólans.
4. Kennari upplýsir foreldra um stöðuna.
5. Skólastjórnandi heldur fund með foreldrum og nemanda þar sem hvatt er til umbóta og orsaka vandans leitað með viðtölum við nemandann og foreldra hans.
6. Skólastjórnandi leggur málið fyrir nemendaverndarráð ef málið er þess eðlis. Ávallt skal upplýsa foreldra ef um mál barna þeirra er fjallað í nemendaverndarráði.

Sérstaklega skal skoða:

1. þroska nemandans, náms- og kennsluhætti, skólabrag, samsetningu námshóps
2. aðstæður í nemenda- og félagahópnum (umsjónarkennari, félagsmiðstöð, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur)
3. samskipti kennara og nemenda og samskipti heimila og skóla.

Ef málið leysist ekki er óskað eftir aðstoð Skólapijónustu Þingeyjarsveitar eða málið tilkynnt til barnaverndar eftir atvikum. Teymi er stofnað um málefni nemandans ef á þarf að halda í takt við Farsældarlögin.

Möguleg inngrip, þegar almenn úrræði skólans hafa ekki dugað, er að:

- taka nemanda úr kennslustund og láta hann fást við önnur viðfangsefni það sem eftir lifir skóladags undir eftirliti starfsfólks skólans
- vísa nemanda úr kennslustund í ákveðinni námsgrein í annað úrræði innan skólans undir eftirliti starfsfólks skólans
- óska eftir að foreldrar sæki viðkomandi nemanda
- vísa nemanda um stundarsakir úr skóla að hámarki eina kennsluviku á meðan leitað er lausnar. Foreldrar geta komið fram athugasemdum og andmælum skv. 13.gr. stjórnsýslulaga nr. 93/1993
- vísa nemanda ótímabundið úr skóla ef nemandi veldur öðrum skaða eða eignatjóni
- Leita skal allra leiða áður en þessi leið er farin
- Skólastjóri tilkynnir fræðslunefnd ákvörðunina sem tryggir nemanda annað skólaúrræði innan þriggja vikna.

Viðverða sérfræðinga

Skólinn nýtur sérfræðipjónustu frá Skólapjónustu Þingeyjarsveitar. Markmið þjónustunnar er að veita markvissa og heildtæka þjónustu á þverfaglegum grunni til að mæta þörfum barna og fjölskyldna þeirra. Sérfræðingar skólapjónustunnar veita margháttaða ráðgjöf og þjónustu við skólann. Í ráðgjöf og þjónustu felast sálfræðilegar athuganir og ráðgjöf, ráðgjöf vegna sérkennslu og almennrar kennslu. Sérfræðingar koma á mánudögum.

Ráðgjöf, hvort sem um er að ræða ráðgjöf vegna einstaklingsmála eða samstarfsverkefni á sviði skólaþróunar, er veitt samkvæmt tilvísunum eða beiðnum. Skólapjónustan leggur skimanir fyrir nemendur, vinnur úr þeim og leiðbeinir kennurum og foreldrum með það sem betur má fara.

Skimanir sem gerðar eru með reglubundnum hætti

1. bekkur. Lesferill í maí.
2. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí.
3. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí. Lesskimun Logos í janúar.
4. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí.
5. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí.
6. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí. Logos lestrarskimun í janúar.
7. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí. Skimun á kvíðaeinkennum.
8. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí. Greinandi lestrar- og ritmálspróf fyrir 14 ára (GRP14) lagt fyrir í mars/apríl.
9. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí.
10. bekkur. Lesferill í september, janúar og maí.

Skólahjúkrunarfræðingur

Skólahjúkrunarfræðingur er Jóna Ósk Antonsdóttir.

Hjúkrunarfræðingur verður í Reykjavíðarskóla einn dag, aðra hverja viku. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans, [hér](#).

Innra mat á skólastarfi

Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um starfið í Reykjahlíðarskóla þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Leitast er við að greina styrkleika í starfi skólans, hvaða þætti þurfi að bæta og hvað þurfi að gera til að skólinn verði enn betri.

Innra mats teymi skólans skipa:

Huld Aðalbjarnardóttir, skólastjóri

Halla Rún Tryggvadóttir

Arna Hjörleifsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri

Sylvía Ósk Sigurðardóttir fyrir hönd foreldra

Teymið vinnur í nánú samstarfi við skólaráð um skipulag og framkvæmd innra matsins. Í vetur verður tekinn fyrir þátturinn stjórnun og fagleg forysta.

Gögn úr skólastarfinu sem nýtt eru við innra mat:

- Spurninga og viðhorfskannanir: nemendur, foreldrar, starfsfólk
- Niðurstöður úr starfsmannasamtölum sem ekki flokkast sem trúnaðargögn
- Framfarir nemenda (t.d. Lesferill)
- Starfsáætlun
- Fundargerðir
- Skýrslur um stefnumiðuð verkefni sem skólinn tekur þátt í
- Rýnihópar
- Gátlistar vegna Heilsueflandi skóla og Grænfánans
- Mat á Jákvæðum aga
- Endurskoðanir á ýmsum áætlunum.

Spurningalistar sem lagðir eru fyrir foreldra, kennara og nemendur hefur Reykjahlíðarskóli þróað á nokkrum árum. Með þeim er leitað eftir viðhorfum og skoðunum á starfsemi skólans sem og könnuð líðan og starfsánægja. Áður en spurningalistar eru lagðir fyrir er þess að gætt að leitað sé eftir þeim svörum sem áætlun matsnefndar vísar til. Þegar úrvinnsla listanna liggur fyrir eru niðurstöður kynntar hlutaðeigandi. Niðurstöður eru kynntar í skólaráði og á starfsmannafundi og að þeirri kynningu lokinni er gerð samantekt sem kynnt er á vef skólans. Allar kannanirnar eru nafnlausar og fá hlutaðeigandi sendar læsta slóð á vefsvæði sitt til að svara könnuninni.

Í sjálfsmatsskýrslu sem unnin verður í lok skólaársins verður ítarlega gerð grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum innra matsins.

Á skólaárinu verður leitast við að auka þátttöku allra í mati á skólastarfi, gera boðleiðir skýrar og gæta að lýðræðislegum verkferlum.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun ár hvert er unnin samkvæmt innra mati síðasta árs sem og umbótaáætlun í kjölfar ytra mats. Umbótaáætlunina er hægt að sjá [hér](#).

Lestrarstefna

Lestur er undirstaða náms og eitt öflugasta tækið sem hægt er að nota til að afla sér þekkingar. Lestur og læsi er einnig mikilvæg forsenda fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi og því leggjum við áherslu á læsi á allri skólagöngu nemandans. Lestrarstefnu skólans má finna [hér](#).

Viðbrögð við vá

Veikindafaraldur.

Sjá viðbragðsáætlun við veikindafaraldri [hér](#).

Þegar eldgos og/eða jarðskjálfti verður er hringt til foreldra/forráðamanna ef þurfa þykir.

Rýmingaráætlun

Ef þarf að rýma skólann undirbúa kennarar rýmingu á kennslustofum. Nemendur yfirgefa ekki kennslustofu fyrr en kennari hefur fengið skilaboð um slíkt og hver útgönguleið er. Kennarar fara eftir ákveðnum leiðbeiningum sem eru í öllum kennslustofum. Hver kennari er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna þegar hættuástand skapast.

Ef rýma þarf skóla eiga nemendur að koma saman í íþróttahúsi.

Rýmingaræfing er í október hvert ár.

Lokaorð

Starfáætlun Reykjahlíðarskóla er birt á heimasíðu skólans bæði í heild sinni og eftir viðfangsefnum. Á hverju vori er starfsáætlun metin og gildir mat á starfsáætlun sem ársskýrsla skólans. Hvert haust er starfsáætlunin endurskoðuð og birt aftur í heild sinni en einstakir hlutar endurskoðaðir á heimasíðu.